

Lokaverkefni til B.A -prófs

## Falin fagþekking

Hvernig geta skólar nýtt sér fagþekkingu og reynslu tómstundafræðinga við framkvæmd grunnskólalaga varðandi félagsmál?

Linda Hildur Leifsdóttir

250460-5119

Háskóli Íslands

Menntavísindasvið

Tómstunda- og félagsmálafræði

Mái 2009

Leiðsögukennari: Árni Guðmundsson

## Efnisyfirlit

<b>Ágrip</b> .....	<b>5</b>
<b>Inngangur</b> .....	<b>6</b>
<b>Þroski unglingsáranna</b> .....	<b>7</b>
Þróun sjálfsmyndar.....	7
Félagsfærni.....	7
<b>Kenningar sem lúta að félagsmótun barna og unglinga</b> .....	<b>8</b>
<b>Gildi frítímans</b> .....	<b>10</b>
Félagsstarf í grunnskólum.....	10
Gildi skipulags tómstunda og félagsstarfs.....	11
Nám Tómtunda- og félagmálafræðinga.....	13
Fagmennska.....	13
<b>Félagsmiðstöðvar</b> .....	<b>14</b>
Starfsemi félagsmiðstöðvar.....	15
Starflýsing verkefnastjóra félagsmiðstöðvarinnar.....	16
<b>Rannsókn</b> .....	<b>18</b>
Uppbygging rannsóknar.....	18
Viðmælendur.....	19
Viðtöl.....	19
<b>Niðurstöður</b> .....	<b>21</b>
<b>Lokaorð</b> .....	<b>23</b>
<b>Heimildarskrá</b> .....	<b>24</b>

<b>Fylgiskjöl.....</b>	<b>26</b>
Fylgiskjal 1.....	27
Fylgiskjal 2.....	28
Fylgiskjal 3.....	31
Fylgiskjal 4.....	34

## Ágrip

Markmið þessarar ritgerðar er að kynna gildi félags- og tómstundastarfs barna og unglunga, hvernig fagþekking tómstundafræðings nýtist í skóla- og félagsmiðstöðvarstarfi. Í ritgerðinni er fjallað um fræðilegan grunn varðandi félagsmótun barna og unglunga, fagþekkingu tómstundafræðinga, kenningar sem lúta að félagsmótun barna og kynnt er starfsemi félagsmiðstöðvar sem starfar inn í skóla og starf verkefnastjóra hennar. Gerð er grein fyrir niðurstöðu rannsóknar sem byggist á viðtölum við skólastjóra, kennara, námsráðgjafa, foreldri, unglung viðkomandi skóla og forstöðumann félagsmiðstöðvarinnar til að fá vitneskju um hvernig skólastjóri getur nýtt sér fagþekkingu og reynslu tómstundafræðings við framkvæmd grunnskólalaga varðandi félagsmál.

## Inngangur

Í þessari ritgerð fjalla ég um gildi félags- og tómstundastarfa barna og unglunga og mikilvægi þess að skapa unglingum og börnum aðstöðu og tíma til afþreyingar.

Á tuttugustu öld urðu miklar breytingar á íslensku samfélagi. Umfangsmiklar þjóðfélagsbreytingar áttu sér stað á stuttum tíma er fólk flutti úr sveitum á mölina. Við breytingu á lífskjörum fólks við iðnvæðingu og sjávarútvegsbyltingu myndaðist frítími sem var ekki þekkt fyrirbæri í lífi fólks (Árni Guðmundsson, 2007:23).

Ég kynni til kennismiði sem allir hafa komið með kenningar sem lúta að félagmótun barna og unglunga. Það eru þeir G. Stanley Hall, John Dewy, Georg Herbert Mead og Arne Sjölund. Til hliðsjónar á umsögn minni um fræðimennina hafði ég bók Árna Guðmundssonar, Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992.

Hver er ég? Er spurning sem allir spyrja sig. Þá eru þeir að leita eftir hvernig persónuleika þeir hafa. Persónuleiki okkar ræðst af því hversu góða sjálfsmynd við höfum og hvernig við erum í félagslegum samskiptum.

Rannsóknarspurning mín er: „Hvernig geta skólar nýtt sér fagþekkingu og reynslu tómstundafræðinga og félagsmiðstöðva við framkvæmd grunnskólalaga varðandi félagsmál?“ Það kemur fram í grunnskólalögum (2008) m.a. að nemendum skuli veitt tækifæri til að afla sér þekkingar og leikni í viðleitni sinni til menntunar og þroska. Einnig að í grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómstunda- og félagsstarfi. Það getur bæði verið á og fyrir utan skólatíma. Í skólum skal starfa skólaráð en í því eiga að vera níu einstaklingar; Tveir fulltrúar kennara ásamt einum fulltrúa annars starfsfólks skólans, tveimur fulltrúum nemenda, tveimur fulltrúum foreldra, einum fulltrúa úr grenndarsamfélaginu og skólastjóra. Við grunnskóla á að starfa nemendafélag og vinnur það að hagsmuna- og velferðamálum nemenda. Skólastjóri ber ábyrgð á stofnun skólaráðs og stýrir því einnig stofnun nemendaráðs.

Í ritgerðinni verður skoðuð starfsemi félagsmiðstöðvar sem starfar inn í skóla og er í nánú samstarfi við skólann. Ég tók viðtöl við skólastjóra, foreldri, nemanda, námsráðgjafa og kennara í þeim tilgangi að fá svar við rannsóknarspurningunni og einnig vitneskju þeirra um störf tómstundafræðinga og fagmennsku tómstundafræðinga. Viðtal við forstöðumann

félagsmiðstöðvar veitti upplýsingar varðandi störf verkefnastjórans í félagsmiðstöðinni og svar við rannsóknarspurningunni.

Rannsóknaraðferðin er eigindleg og ég nota óstöðluð einstaklingsvitðtöl. Viðtölin felast í samræðum og rannsakandinn ákveður umræðuefnið og ræðir við viðmælendur á jafnréttisgrundvelli. Umræðuefnið er þannig ákveðið fyrirfram en ekki innihald samræðanna (Sigríður Halldórsdóttir ofl. 2003). Heimildaöflun er byggð á lestri bóka, viðtölum og kynningu á starfsvettvangi.

## **Þroski unglingsáranna**

### ***Þróun sjálfsmyndar***

Hver er ég? Þegar við spyrjum okkur þessarar spurningar þá erum við að leita svars við því hver sé okkar persónuleiki. Við reynum að útskýra það með því að lýsa persónueinkennum eins og vingjarnlegur, traustur eða einhverju sem við gerum eins og ég er kennari, námsmaður eða með trú okkar. „Sjálfið“ saman stendur af öllum þeim líkamlegu og sálrænu eiginleikum sem eiga við hvern og einn. Mismunandi skýringar eru á því hvernig meðvituð sjálfsmynd þróast. Þó svo að börn þurfi að hafa náð ákveðnu stigi í vitsproska til að vera fær um að greina sig þá er félagsleg reynsla ekki síður mikilvæg. Rannsóknir sýna að api getur auðveldlega greint sjálfan sig í spegli nema að hann hafi verið alinn upp í félagslegri einangrun. En þeir sem alist hafa upp við félagslega einangrun sjá sig eins og ókunnuga persónu þegar þeir horfa í spegil. Vegna þessa er ekki hægt að fá vitneskju um sjálfan sig eða sjálfsmynd nema af félagslegri reynslu. Félagsfræðingarnir George H. Mead (1934) og Charles Cooley (1902) settu fram kenningu um að sjálfsmyndin þróast og verður til vegna félagslegra samskipta manna. Hún er alla ævi að taka breytingum. Þess vegna er sjálfið og þroski manna samtvinnuður þar sem sjálfið mótast af viðbrögðum annarra í félagslegum samskiptum (Saffer, 2001).

### ***Félagsfærni***

Samkvæmt Orðaskrá úr uppeldis- og kennslufræði (1994) telst „félagsfærni“ vera viðurkennd lærd hegðun sem börn læra frá því að þau fæðast og varir allt lífið. Félagsfærni gerir einstaklingnum kleift að eiga árangursrík samskipti við aðra. Einnig kennir hún honum að forðast óásættanleg viðbrögð sem geta verið t.d. að hjálpa öðrum, deilt með öðrum og hrósað.

Það að þróa með sér slíka færni er eitt af aðalviðfangsefnum bernskunnar og unglingsáranna. Félagsleg færni einstaklings er hæfni til þess að geta náð persónulegum markmiðum sínum á árangursríkan og viðurkenndan hátt. Einstaklingur með góða félagslega færni er líklegri til að eiga frumkvæði að samskiptum, viðhalda þeim og getu til að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Félagsfærni er hæfileiki til að geta tjáð bæði neikvæðar og jákvæðar tilfinningar í samskiptum við aðra bæði með orðum og líkamstjáningu.

## **Kenningar sem lúta að félagsmótun barna og unglunga**

Hér kynni ég nokkrar klassískar félagsmótunarkenningar eftir þá John Dewy, G. Stanley Hall, George Herbert Mead og Arne Sjölund. Þessir kennismiðir eiga það sameiginlegt að hafa allir komið fram með kenningar sem lúta að félagsmótun barna og unglunga.

**G. Stanley Hall:** Hann var uppi á árunum 1844-1924 og var fyrsti bandaríski sálfræðidoktorinn. Menntun sína sótti hann víða og var frumherji á mörgum sviðum. Hall hefur oftast verið talinn upphafsmaður þróunarsálfræðinnar. Hall kom fram með hugtakið „adolescence“ unglingsárin í samnefndri bók sinni sem hann gaf út árið 1905. Þroskaskeiðum mannsins skipti Hall í fjóra meginþætti; kornabarnið, barnið, unglingsinn og hinn fullorðna einstakling. Lykilþátt í uppeldi taldi Hall að væri erfðir og umhverfi. Eiginleikarnir sem við erfðum væru til staðar en það þyrfti að þjálfa þá til að einstaklingurinn öðlist þroska. Það þýddi ekki að breyta erfðum. Að hefta mannlegar erfðir ætti ekki að gera heldur yrði barnið að prófa sig áfram á sínum meginþroskastigum eins gerst hefði kynslóð eftir kynslóð. Endurtekning og reynsla er grundavallaratriði í uppeldi ásamt samspili erfða og umhverfis. Hugsmíði Hall er kenningin um „recapitulation“ sem hér er lýst. (Hardy, 2004).

**John Dewy:** Aðalkenning hans er að læra í verki „learning by doing“. Áherslur Dewy liggja í því að með því að fá að máta sig í ýmsum hlutverkum fá börnin tækifæri til að endurskapa þekkingu sína. Því betri sem umgjörðin er, því betra. Á kenningum Dewy byggir innra starf margra leikskóla. Lögð er áhersla á börnin séu virkir þátttakendur og skapandi, ekki að þau eigi eingöngu að sitja kyrr og hlusta. Dewy leggur áherslu á hlutverkaleikinn því þá gefst börnum kostur á endurskapa þekkingu sína. Eftir því sem umgjörð leiksins er vandaðri því betra (Jóhanna Einarsdóttir (1997). Dewy taldi að samþætting og þemavinna námsgreina sem byggja á námsáætlun út frá reynslu barnanna hverju sinni mikilvæg atriði (Egidius H., 1977)



**George Herbert Mead:** Hann einbeitti sér að táknbundnum samskiptum og hinu félagslega eðli sjálfsins. Mead starfaði við háskólann í Michigan. Þar kynntist hann John Dewey sem starfaði þar sem prófessor og varð aðstoðarmaður hans. Mead tilheyrði sömu kynslóð og Freud og var fæddur í Bandaríkjunum 1863. Það má segja að Mead sé sá fræðimaður sem hafi þróað hugmyndir um hið „félagslega sjálf“ og mótun þess. Hann segir að „sjálfið“ sé eitthvað allt annað en líffræðilegt fyrirbæri. Það er ekki til við fæðingu en í félagslegum samskiptum vex það og dafnar. Eins og dæmi sýna úr dýraríkinu þá virkar líkaminn án hins „félagslega sjálfs“. Eftir fæðingu þróist því „sjálfið“. Mead segir að „sjálfið“ mótist á tveimur stigum (Mead, 2009). Á hinu fyrra felst „einstaklingssjálfið“ einfaldlega í því að regla kemst á viðhorf ákveðna einstaklinga gagnvart honum sjálfum og líka þeim sem taka þátt í félagslegum athöfnum með honum. Seinna stigið felst í því að „sjálfið“ mótast ekki bara af skipulagningu á viðhorfum ákveðinna einstaklinga heldur af skipulagningu félagslegra viðhorfa eða allra félagshópa sem hann tilheyrir (Árni Guðmundsson, 2007:28). Sjá fylgiskjal 1.

Án fastra reglna í gegnum hinn frjálsa leik gengur „sjálfið“. Undirstaða félagsmótunar er leikur. Þegar börn eru lítil þá leika þau sér eitt og eitt en eftir því sem þátttakendur í lífi þeirra verða fleiri þá eykst sjálfsvitundin og hlutverkum fjölgar. Þegar börn eldast og fara að leika saman þá þurfa þau að setja sig í spor annarra, virða reglur og samhæfa sig í leiknum. Þetta gerist með þátttöku í „regluleiknum“. Eftir því sem barninu gengur betur að setja sig inn í hlutverk, því betur gengur því að samsama sig öðrum í gegnum „regluleikinn“. Barnið veit hvert hlutverk annarra er og sér sitt hlutverk í samhengi við það. Ef gert er ráð fyrir að sjálfsmyndin þróist hægt og sígandi þá er ljóst að lykilþátturinn er reynsla. Við fyrri reynslu og nýrra aðstæðna þróast og vex hið „félagslega sjálf“ (Mead, 2009).

**Arne Sjölund:** Hann fæddist árið 1923 og var danskur félagssálfræðingur. Hann var undir miklum áhrifum frá þeim breytingartímum sem voru um og eftir aldamótin 1900. Þar sem hin fræðilega umræða snérist um hvernig fólk virkar í hópi. Sjölund fjallaði um hópinn í víðu samhengi. Hvaða þýðingu hópurinn hefur fyrir einstaklinginn, gerð hópsins, stemmingu hópsins, hópamyndanir, áhrif hópsins á hóp og á einstaklinginn, stjórnunarform, agavald, kennarahlutverkið, áhrif ytri aðstæðna á hópinn, hópáhrifaferli. Aðalviðfangsefni Sjölund var að skoða manneskjuna innan um aðrar manneskjur. Hann gaf meðal annars út bókina Gruppesykologi þar sem fjallað er um grundvallarhugtök sem höfðað er til í hópastarfi

félagsmiðstöðva í dag (Sjölund, 1965). Í formála bókar Sjölunds er grundvallaratriði í kenningum hans lýst en þar segir:

„Eftir því sem fleiri rannsóknir sýna aukinn fjölda samskiptalögmála sem hafa áhrif á okkur öll, þá verður mögulegt að móta uppeldisaðferðir eða leiðsögn sem byggir á þeirri staðreynd að atferli og hegðan mótast ekki bara af einstaklingnum sjálfum, mótunina má ekki síður rekja til samskipta einstaklingsins innan hópsins“ (Sjölund, 1965).

Það kemur einnig fram í bók Sjölundar að stjórnunar- eða uppeldismarkmið verði erfið í framkvæmd gegn vilja og í andstöðu við hópinn. Hópurinn hefur svo sterk áhrif á einstaklinginn. Einnig sé hægt að ná betri árangri með hópasamkomulagi en að gera samkomulag einstaklingana eina og sér. Í hópnum er félagslega staða barns mikilvæg að mati Sjölunds og hafi grundvallarþýðingu á velgengni einstaklingsins (Sjölund, 1965).

## **Gildi frítímans**

### ***Félagsstarf í grunnskólum***

Á tuttugustu öld urðu miklar breytinga á íslensku samfélagi. Flutningur fólks úr sveitum á mölina eru dæmi um umfangsmiklar þjóðfélagsbreytingar sem áttu sér stað á mjög stuttum tíma. Með þorpamyndun, sjávarútvegsbyltingu, iðnvæðingu og breytingum á lífskjörum fólks myndaðist smá saman frítími sem áður var óþekkt fyrirbæri í lífi fólks. Á vettvangi frítímans hófst starf m.a. fyrir ungt fólk sem frjáls félagasamtök sáu um. Dæmi um slík félög voru svo kölluð ungmennafélög sem störfuðu í stærstu byggðarkjörnum landsins (Árni Guðmundsson, 2007:23).

Það má rekja skipulagt félags- og tómskundastarf til þriggja þátta. Í fyrsta lagi hafa þær þjóðfélagsbreytingar sem átt hafa sér stað stuðlað að því að í dag eru unglingsárin skilgreind sem sjálfstætt æviskeið. Í öðru lagi hefur formlegt tómskundastarf fyrir ungt fólk fengið fastan sess í þjóðfélaginu. Í þriðja lagi er það skemmtanagildi þess (Þóróflur Þórlindsson, 2000).

Í lögum um grunnskóla á Íslandi kemur fram „að í öllum grunnskólum skal nemendum gefinn kostur á að taka þátt í tómsunda- og félagsstarfi. Tómsunda- og félagsstarf getur bæði verið liður í daglegu starfi og utan venjulegs skólatíma“ (Lög um grunnskóla, 2006).

Í æskulýðslögum, en tilgangur þeirra er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi, segir m.a. í 1. gr:

„Tilgangur laga þessara er að styðja börn og ungmenni til þátttöku í æskulýðsstarfi. Með æskulýðsstarfi er átt við skipulagða félags- og tómstundastarfsemi þar sem börn og ungmenni starfa saman í frístundum sínum að hugsjónum, markmiðum og áhugamálum sem þau sjálf meta að verðleikum. Í skipulögðu æskulýðsstarfi skal hafa í huga félags-, forvarna-, uppeldis og menntunarlegt gildi þess sem miðar að því að auka mannkosti og lýðræðisvitund þátttakenda“ (Æskulýðslög, 2007).

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barns eða barnasáttmálinn, eins og hann er oft kallaður var samþykktur á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna haustið 1989 og staðfestur fyrir Íslands hönd 28. október 1992. Samningurinn öðlaðist gildi af því er Ísland varðar 27. nóvember 1992. Í 31. gr. sáttmálans kemur m.a. fram:

„Aðildarríki viðurkenna rétt barns til hvíldar og tómstunda, til að stunda leiki og skemmtanir sem hæfa aldri þess, og til frjálstrar þátttöku í menningarlífi og listum. Aðildarríki skulu virða og efla rétt barns til að taka fullan þátt í menningar- og listalífi, og skulu stuðla að því að viðeigandi og jöfn tækifæri séu veitt til að stunda menningarlíf, listir og tómstundaiðju“ (Barnasáttmálinn, 1992).

Eins og fram hefur komið þá gerir núverandi skólalöggjöf ráð fyrir að í skólum fari fram félagsmótun nemenda og þeir undirbúnir til þátttöku í lýðræðisríki. Nemendafélög starfa í skólum og er nú gert ráð fyrir að nemendur kjósi sér tvo fulltrúa til setu í skólaráði hvers grunnskóla. Til að nemendur geti tekið þannig þátt í skólastarfinu með þessu hætti þurfa þeir undirbúning og þjálfun í félagsstörfum (Aðalnámskrá grunnskólanna, 1999).

### ***Gildi skipulags tómstunda og félagsstarfs***

Að hafa gaman og skemmta sér, það er alkunna. Markmiðið þarf ekki að vera sérstakt en það er mikilvægur hluti af lífinu að eiga góðar stundir með jafnöldrum. Því er nauðsynlegt að skapa unglíngum aðstöðu og tíma til afþreyingar undir þessum formerkjum. Mikilvægt er að í frítímanum fái unglíngurinn við skapandi verkefni og fjölbreytt. Og að áherslan sé lögð á sköpun, frumkvæði og virkni. Með þátttöku í slíkum verkefnum fær unglíngurinn reynslu og þekkingu sem hann býr að og getur yfirfært á samfélagið. Starfsemi félagsmiðstöðva leggur áherslu á þessi atriðið, ekki síst í gegnum óformlega menntun og reynslunám (ÍTR, 2007). Það

er vitað að unglingar telja að með skipulögðu frístundastarfi hafi þeir tækifæri á að læra að setja sér markið, vinna að þeim og ná. Þeir eignist nýja vini og læri að vinna saman, hlusta á aðra, bera virðingu fyrir þeim og þeir víkka þekkingu sína (Ragnhildur Bjarnadóttir, 2002). Í skýrslu frá Menntamálaráðuneytinu (2003) kemur fram að unglingar eigi að geta fundið sér skemmtilegt áhugamál til að sinna í skipulögðu frístundastarfi. Það á að vera eitthvað sem þeir geta stefnt að með skýrum markmiðum. Frístundastarfið getur þannig haft jákvæð áhrif á lífsstíl þeirra.

Af þessu má sjá að gildi skipulags tómtunda- og félagsstarfs er börnum og unglingum mikilvægt. Hægt er að skipta því í nokkra flokka, t.d. forvarnir, félagsmótun og lífsleikni. Forvarnir geta verið margskonar og komið inn á marga þætti í samfélaginu. Þær geta farið fram á heimilinu, í skólanum og í ýmsu frístunda- og æskulýðstarfi. (Árni Einarsson, 2001). Stefnan þarf að vera skýr. Í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga er m.a. fjallað um þjónustu við unglinga. Þar segir í IX kafla „að tilhlutan sveitarfélaga skal vera skipulegt forvarnarstarf í unglíngamálum sem miðar af því að beina athafnaþörf æskufólks á heillavænlegar brautir“ (Lög um sveitafélög, 1991).

Á fyrstu árum okkar er mikilvægasta tímabil félagsmótunar. Við öðlumst smátt og smátt reynslu og þekkingu sem gerir okkur fært að taka þátt í daglegu lífi. Þar sem engir tveir einstaklingar eru eins mótaðir þá er félagsleg mótun breytileg eftir stað og stund. Þegar við fæðumst stöndum við frammi fyrir löngu og flóknu námsferli sem kallast félagsmótun en það felst í því að kornabarn verður að nýtum þjóðfélagsþegn. Það sem þarf að læra er m.a. venjur, siðir, tungumál og fleira sem tengist menningu þess samfélags sem við búum í. Okkur er gert að lifa í ákveðnu samfélagi þó svo að við séum ólík að eðlisfari (Garðr Gíslason, 1997). Eins og fram hefur komið þá skiptir félagsmótun miklu máli fyrir lífið sjálft. Hvernig við mótumst félagslega segir til um hvernig okkur gengur í lífinu sem fullorðnum (Saffer, 2001).

Í aðalnámskrá grunnskólanna kemur fram að námsgreinin lífsleikni eigi að efla alhliða þroska nemandans. Í því felst m.a. að nemandinn geri sér far um að rækta með sér heilbrigðan lífsstíl og sálrænan styrk. Að gera lífsleikni að sérstakri námsgrein er svar við kalli nútímans varðandi það að búa nemandann betur undir að takast á við lífið (Menntamálaráðuneytið, 1999). Í lífsleikni ætti að kenna visst tilfinningalæsi, þ.e. kenna börnum að nefna tilfinningar og skilja þær. Ákveðið takmark í lífsleiknikennslu ætti að vera að sérhver nemandi uppgötví í eigin fari a.m.k. eina eða tvær stekar hliðar sem hann getur rætt um og gert grein fyrir, hliðar sem hann hafði ekki gert sér grein fyrir áður. Eitt meginverkefni lífsleikninnar ætti að vera að

kenna nemendum að setja ábyrgð á réttan stað. Gott verkefni í lífleiðnikennslu er að ræða um mörk ábyrgðar hvers og eins gagnvart öðrum (t.d. skyldmönnum, vinum, fólki í örðum löndum), gagnvart umhverfinu (umgengni, náttúruvernd), í tengslum við skyldur okkar og skyldurækni (lög, reglur, siðferðilegar skyldur). Lífsleikni er ný námsgrein í íslenskum grunnskólum og framhaldsskólum og er henni meðal annars ætlað að auðvelda skólum að verða við áðurgreindum kröfum á heildstæðan hátt. Einnig til að koma til móts við kröfur um aukið uppeldishlutverk skóla (Erla Kristjánsdóttir ofl., 2004).

### ***Nám tómstunda- og félagsmálafræðinga***

Nám í tómstunda- og félagsmálafræði í Háskóla Íslands er þriggja ára fræðilegt og starfstengt 180 eininga grunnám. Nemendur tileinka sér þekkingu á þýðingu, gildi og hlutverki tómstunda í nútímasamfélagi. Inntökuskilyrði eru að nemendur hafi lokið stúdentsprófi eða öðru jafngildu prófi. Heimilt er að gera undanþágu frá stúdentsprófi en þá þarf umsækjandi að sýna fram á að hann búi yfir reynslu eða þekkingu og færni sem jafngildi kröfum skólans til námsins. Fræðasviðin eru tómstundafræði, sálfræði, félagsfræði, siðfræði, lífsleikni, samskipti, áhættuhegðun og forvarnir, afbrotufræði, listsköpun, íþróttir- þjálfun og heilsa, sjálfsmynd og samskipti, leiðsögn og stjórnun, útivist, inngangur að uppeldisvísindum og upplýsingatækni.

Markmið er að nemendur fái heildarsýn á starfsemi sem fer fram í frítíma fólks á öllum aldri og menningar- og uppeldishlutverk tómstundastarfs. Áhersla er lögð á að nemendur verið færir í að framkvæma, meta, skipuleggja og stjórna tómstundastarfi. Starfsvettvangur tómstunda og félagsmálafræðinga er fjölbreyttur, t.d. frístundarheimili, félagsmiðstöðvar, þjónustumiðstöðvar aldraðra, íþróttafélög, grunn og leikskólar og skrifstofur íþrótt- og tómstundamála (Háskóli Íslands, 2009). Margir sem stunda þetta nám starfa á vettvangi frítímans. t.d í félagsmiðstöðvum og frístundarheimilum grunnskóla.

### ***Fagmennska***

Í orðinu fagmennska felst að búa yfir þekkingu á viðfangsefni sínu, að virða reglurnar sem gilda um það og þekkja aðferðir þess. Fagmaður gerir sér grein fyrir því til hvers er ætlast af honum. Segja má að tómstundarfæðingar séu óformlegir kennarar og hafa þurft að skilgreina sig sem eitthvað sem þeir eru ekki, þ.e. skólakennarar. Formlegir og óformlegir kennarar eiga

mun meira sameiginlegt en fólk telur. Samkvæmt skilgreiningu Deweys þurfa báðir að hugsa um umhverfið. Skólakennarar vinna eftir námskrá eða námsáætlun sem útskýrir hvað á að læra og stjórna þeir yfirleitt innihaldinu. Óformlegir kennarar gera það hins vegar ekki. Þeir þurfa að fylgja straumnum og geta spunnið eftir því hvert samræður leiða þá. Formlegur kennari vinnur sem sagt með fyrirfram ákveðna áætlun en óformlegur gerir það ekki. Það er ekki hægt að segja að önnur aðferðin sé betri en hin. Þær eru alls ekki eins. Í sumum tilfellum er betra að nota aðra en svo aftur í öðru er betra að nota hina aðferðina. Einnig geta formlegir kennarar nota óformlegar aðferðir og öfugt (Smith, 2005).

„Fagleg hæfni er ekki fólgin í því að starfa eins og kennari, sérkennari, félagsráðgjafi, lögregla og sálfræðingur. Hæfni og mikilvægi starfsins felst í því að leiða saman fólk og byggja upp virk samskipti fólks og gefa ungu fólki kost á að vinna að margvíslegum verkefnum undir merkjum lýðræðis; öðlast félagslegan þroska og félagslega hæfni í gegnum hin ýmsu viðfangsefni; gefa ungu fólki kost á að menntast í víðtækasta skilningi þess orðs“ (Árni Guðmundsson, 2007:120)

Margir tólmstundafræðingar og aðrir sem starfa í félagsmiðstöðvum vinna samkvæmt siðareglum Félags fagfólks í frítímaþjónustu (FFF). Þar kemur m.a. fram að tilgangurinn sé virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers manns. Fagfólk í frítímaþjónustu starfar án þess að fara í manngreiningarálit og virðir siði, trúarbrögð, litarhátt og mannréttindi hvers einstaklings. Trúnaðar er gætt um þau mál sem fagfólk í frítímaþjónustu kemur að. Aðeins má gera undantekningu á trúnaði samkvæmt lagaboði eða af algærri nauðsyn (FFF, 2009). Sjá fylgiskjal 2.

## **Félagsmiðstöðvar**

Starf félagsmiðstöðva felst í því að bjóða upp á skipulegt starf fyrir börn og unglinga sem miðar að því að efla sjálfsmýnd og sjálfstraust þeirra og gera þau þ.a.l. færari í samskiptum og í félagstarfi. Með starfinu er m.a. reynt að ná til þeirra sem ekki stunda reglulega íþrótt- og tólmstundastarf. Markmið félagsmiðstöðva er að vinna að forvörnum og bjóða upp á fjölbreytt og þroskandi tólmstundastarf sem hefur jákvæð áhrif á lífsstíl barna og unglinga. Í félagsmiðstöðvum gefst öllum kostur á að vinna á jafnréttisgrundvelli að skapandi og

þroskandi félagsstarfi. Það má segja að starfsemin skiptist í þrennt: almennt starf, hópastarf og klúbbastarf (Elfa Stefánsdóttir ofl., 2003).

### ***Starfsemi félagsmiðstöðvar***

Starfsemi félagsmiðstöðvar sem ég skoða í þessari ritgerð er starfandi í skóla og byggist á mjög góðu samstarfi milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Rannsóknin byggist á því að kanna hvernig samstarfinu er háttað og hvernig tómtundafræðingurinn getur komið með beinum eða óbeinum hætti inn í skólastarfið þar sem þetta er nýr skóli í nýju hverfi og allt skólastarfið í mótun.

Í starfsskrá félagsmiðstöðvarinnar kemur meðal annars fram „að félagsmiðstöðvar standi á bakvið allt tómtundastarf í samráði við skólann fyrir alla nemendur skólans. Að allir nemendur finni sér starf við hæfi innan félagsmiðstöðvarinnar“ (Elfa Stefánsdóttir ofl., 2003).

Félagmiðstöðin stendur fyrir leitarstarfi en það stærsti liðurinn í forvarnarstarfinu. Í starfsskrá félagsmiðstöðvarinnar er leitarstarf skilgreint á eftirfarandi hátt:

„Sú starfsemi sem miðar að því að finna þá unglinga sem teljast til áhættuhóps. Í þeim hópi eru m.a; unglingar sem eru ekki í öðru félagsstarfi, búa við erfiðar félagslegar aðstæður, með sérþarfir og eru illa staddir félagslega, t.d. þeir sem lenda í einelti, eru þunglyndir, eru af erlendu bergi brotnir o.s.frv“ (Elfa Stefánsdóttir ofl., 2003).

Forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar sem ég tala við í þessari ritgerð er með „diplomagraðu“ í tómtunda og félagsmálafræði frá Kennaraháskóla Íslands. Hann hefur umsjón með verkefnastjóranum sem vinnur í félagsmiðstöðinni á daginn. Verkefnastjórinn er í miklu sambandi við starfsfólk skólans og nemendur. Félagmiðstöðin er opin í kaffi- og hádegishléi skólans fyrir unglingadeildina. En þessi félagsmiðstöð er með skipulagt starf fyrir 4.-10. bekk eftir að kennslu lýkur á daginn. Opíð er þrisvar í viku; mánudaga, miðvikudaga og föstudaga. Fyrir 4. bekk kl. 13:15 til 14:15, 5.-7. bekk kl. 16.-18:30 og 8.-10. bekk kl. 19-22. Í almennu starfi felst að krakkar geta komið í félagsmiðstöðina í opíð starf þá er hægt að koma og taka þátt í þeirri dagskrá sem er í boði. Ýmislegt er á dagskrá t.d kökukeppni, spilakvöld, bingó, spurningakeppni ofl. Þá er hægt að koma til að spjalla og nota þau leiktæki sem félagsmiðstöðin býður upp á. Þar má t.d. spila billjard og borðtennis, horfa á sjónvarp ofl. Hópastarf er unnið á þriðjudögum og fimmtudögum. Í hópastarfinu er markvisst verið að

vinna með ákveðið mál, eins og t.d að fá nokkra einstaklinga til að taka þátt í að mynda hóp og hittast reglulega til að vinna að fyrirfram ákveðnu máli. Sem dæmi má nefna að ef nokkrir strákar trufla gesti félagsmiðstöðvarinnar eða jafnvel særa þá með framkomu sinni, getur starfsfólk beðið þá að vinn með sér í hópastarfi og unnið um leið með þær aðferðir hvernig við komum fram við aðra. Það er enginn í hópastarfi nema hann sé samþykkuð veru sinn þar og tilbúinn að vinna að markmiði hópsins. Svo þegar markmiðinu er náð þá hættir hópastarfið. Klúbbastarf er ekki á neinum föstum tímum, heldur ákveðið hvað hentar hverju sinni. Í klúbbastarfinu er hægt að skrá sig í ákveðinn klúbb og svo hittist sá klúbbur á ákveðnum tíma í félagsmiðstöðinni ásamt starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar. Þetta geta verið hinir ýmsu klúbbar t.d. borðtennisklúbbur, stelpuklúbbur, skákkklúbbur, tónlistarklúbbur, ljósmyndaklúbbur ofl. Það klúbbastarf sem er í félagsmiðstöðvum ræðst af áhuga krakkanna og hugmyndum þeirra.

Verkefnastjórinn er með aðstöðu við hlið skrifstofu ritara skólans, sem er mjög góð staðsetning fyrir miðjum skóla. Matsalur skólans er aðalrými félagsmiðstöðvarinnar en salurinn er hugsaður sem fjölnotasalur. Inn af salnum er herbergi sem er notað sem „kósý herbergi“ með sófum og hægt að horfa á sjónvarpið. Með góðu móti geta verið tíu þar inni í einu. Á mánudögum og miðvikudögum, tvo tíma í senn er félagsmiðstöðin með íþróttasalinn fyrir sína starfsemi en hann er staðsettur við hliðina á sal skólans og er hægt að opna á milli. Annars fer allt annað fram í salnum, billjard, borðtennis, spil og sú dagskrá sem er í boði hverju sinni. Þetta geri það að verkum að fyrir hverja starfsemi þarf að taka allt fram og eftir starfseminu þarf að taka saman og setja til hliðar til að önnur starfsemi geti hafist (Forstöðumaður félagsmiðstöðvar, munnleg heimild 26. mars 2009).

### ***Starfslýsing verkefnastjóra félagsmiðstöðvarinnar***

Upplýsingar um starf verkefnastjóra fékk ég frá forstöðumanni félagsmiðstöðvarinnar (Forstöðumaður, 2009). Verkefnastjórinn starfar mikið á skólatíma og er í miklum samskiptum við starfsfólk skólans. Þar er gott samband á milli hans og skólastjórnenda. Í haust þegar starfsemin hófst, hittust skólastjórinn, forstöðumaður og verkefnastjóri félagsmiðstöðvarinnar og ákváðu hvað það væri sem hægt væri að hafa sameiginlegt og hvað þyrfti að vera sér í sambandi við starfið. Það er ekki sjálfgefið að svo sé gert. Mörkin þurfa að vera skýr hvernig starf félagsmiðstöðvarinnar innan skólans er háttað. Félagsmiðstöðin starfar á vegum íþróttá og tómsbundanefndar bæjarfélagsins, ekki undir stjórn skólans. Verkefnastjóri



situr nemendaverndarráðsfundi sem eru á vegum skólans einu sinni í viku. Á þeim fundum koma saman skólasálfræðingur, skólastjóri, aðstoðarskólastjóri, hjúkrunarfræðingur skólans, námsráðgjafi, stoðkennari og deildarstjórar, en þeir eru tveir. Á þessum fundum er mál einstaka nemanda rædd. Þar eru teknar ákvarðanir um hvað á gera til að hjálpa þeim nemendum sem koma inn á borð nemendaverndarráðs. Verkefnastjóri er fenginn til að ná til einstakra nemenda og vinna með þeim í hópastarfi. Einnig fær hann ábendingar frá kennurum um nemendur sem þarf að fylgjast með varðandi félagsfærni þeirra. M.a. hefur skólastjóri beðið starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar að sjá um hópefli fyrir 8. bekk. En þá er farið í sólahringsferð með árganginn og unnið markvisst að því að efla félagsandann í hópnum. Verkefnastjórinn sér alfarið um skipulagningu þessa ferða og fær til liðs við sig tvo kennara. Verkefnastjóri er í samstarfi við námsráðgjafa skólans þar sem þeir vinna saman að hagsmunum nemenda t.d. með hópastarfi. Þar sem starfsemi félagsmiðstöðvarinnar er fyrir nemendur frá 4. til 10. bekk er mjög gott og æskilegt að vera innan um krakkana á skólatíma. Verkefnastjórinn borðar stundum með nemendum í hádeginu. Það er góð leið til að geta bæði fylgst með þeim og spjallað við nemendur.

Í skólanum og félagsmiðstöðinni er starfandi nemendaráð unglíngadeildar og heldur verkefnastjóri utan um það með fundum einu sinni í viku. Verkefnastjórinn sér um undirbúning og kosningu í nemendaráð. Einnig hefur hann séð um kosningu í miðdeildarráð og fundar með þeim einu sinni í mánuði. Nemendur skólans geta ávallt komið á skrifstofu verkefnastjórans og spjallað, þar getur oft myndast lífleg stemming. Félagsmiðstöðin hefur samvinnu við stjórn foreldrafélagsins þá aðallega varðandi skipulag foreldraröls. Foreldrar og forráðamenn hafa í samstarfi við foreldrafélög skólanna, félagsmiðstöðvar og lögregluna farið í skipulagt foreldrarölt á kvöldin um helgar. Þetta er sjálfbóðaliðastarf foreldra þar sem leitast er við að ná fram samstöðu á meðal þeirra um að virða útivistartíma barna og til að koma í veg fyrir hópamyndun unglínginga í hverfinu eftir að lögbundnum útivistartíma lýkur (Ríkislögregustjórinn, 2009). Sjá fylgiskjal 4.

Foreldrar sem taka að sér að röлта á föstudagskvöldum hittast í félagsmiðstöðinni við lokun hennar og röлта svo um hverfið í eina og hálfu klukkustund. Félagsmiðstöðin hefur einnig komið að skipulagningu árlegrar vorhátíðar með foreldrafélaginu og skólanum. Forstöðumaður og verkefnastjóri funda reglulega varðandi starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Verkefnastjóri leysir forstöðumann af í fjarveru hans. Verkefnastjórar og

aðstoðarforstöðumenn félagsmiðstöðva innan bæjarfélagsins funda reglulega, skiptast á skoðunum og samræma ýmis mál varðandi starfsemi félagsmiðstöðvanna.

Verkefnastjóri situr fundi samráðshóps sem hefur það markmið að vinna að fyrirbyggjandi verkefnum, auka upplýsingaflæði milli aðila sem starfa með börnum og unglingum og taka saman á þeim málum sem þarf að leysa. Samráðshópurinn samanstendur af fulltrúum frá skólastjórn, lögreglu, félagsmiðstöðinni, félagsþjónustunni, heilsugæslunni og forvarnarfulltrúa. Í hverfinu hafa foreldrar, skólayfirvöld, lögregla og félagsmiðstöð tekið saman höndum og unnið að ýmis konar verkefnum sem miða að því að skapa börnum öruggt og fjölskylduvænt umhverfi.

Verkefnastjóri sér um dagskrá hvers mánaðar (sjá fylgiskjal 3) og undirbúning hennar sem og deila út verkefnum til starfsfólks. Ef upp koma vandamál í starfi félagsmiðstöðvarinnar er það verkefnastjórinn ásamt forstöðumanni sem vinnur úr því og hafa þeir samband við foreldra/forráðamenn ef þurfa þykir.

Verkefnastjórinn vinnur í 4. – 7. bekkjar starfinu ásamt því að vinna kvöldvaktir þar sem hann hittir unglingana og starfsfólkið. Starfmannafundir með starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar eru á tveggja vikna fresti. Þetta er heilmikið starf og krefst þekkingar á málefnum eins og félagsfærni, hópastarfi, viðburðarstjórnun ofl.

## **Rannsókn**

### ***Uppbygging rannsókna***

Rannsóknin byggist á óstöðluðum viðtölum. Markmiðið er að greina svör þeirra. Ég spurði alla eftirfarandi grunnsurninga: Hvernig sérðu fyrir þér að hægt sé að nýta fagþekkingu tólmstundafulltrúa sem starfar í félagsmiðstöð innan skólans til að vinna að framkvæmd og útfærslu nýrra grunnskólalaga? Í hvaða þáttum skólastarfsis sérðu fyrir þér að fagþekking hans nýtist best? Hvernig sérðu að þú getir notað starfskrafta hans í þeim til að móta hefðir í skólasamfélagi sem er í nýju hverfi? Hverjir eru kostir og gallar við samstarfið?

### ***Viðmælendur***

Viðmælendur eru skólastjóri, kennari, námsráðgjafi, móðir og unglingur í viðkomandi skóla og forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar. Viðtölin fóru fram dagana 7. -8. og 11. apríl 2009. Ég hljóðritaði viðtölin og vann svo frekar úr þeim.

### ***Viðtöl***

Það kemur fram í viðtali við skólastjóra og forstöðumann að það þurfi að vera skýr mörk á því hver sér um hvaða starf sem lýtur að tómsunda- og félagsstarfi í skólanum og félagsmiðstöðinni. Skólastjóra finnst að ekki megi innvinkla félagsmiðstöðina alveg inn í skólann, það sé betra að hafa hana í samstarfi, það sé annar vinkill á félagsmiðstöðvarstarfsfólkinu en starfsmönnum skólans. Forstöðumaður er á sama máli. Margir kostir geta fylgt samstarfi skóla og félagsmiðstöðvar. Samskipti við krakkana verður miklu meiri ef félagsmiðstöðin er í sama húsnæði og skólinn. Upplýsingar fara hraðar á milli, auðveldara er að nálgast krakkana í frímínútum og hléum og krakkarnir geta komið strax til starfsfólks félagsmiðstöðvarinnar með vandamál, uppástungur og annað sem þau vilja spjalla um.

Allir viðmælendur voru sammála um að aðeins samskiptaörðuleikar gætu verið galli á því að hafa félagsmiðstöð innan skólans. Það er því ljóst að nauðsynlegt er að hafa skýr mörk varðandi verkaskiptingu og að skólinn og félagsmiðstöðin geri með sér verkreglur varðandi samstarfið. Skólastjóri telur meiri hættu á að skólinn stígi á tærnar á félagsmiðstöðinni en að félagsmiðstöðin stígi á tærnar á skólanum. Einnig kom fram hjá forstöðumanni að það væri mikill ókostur ef skólahúsnæðið hentaði alls ekki fyrir félagstarfið.

Fram kom í viðtölum mínum við skólastjórann, tómsundafræðinginn, kennarann og námsráðgjafann að mikilvægt væri að tómsundarfræðingurinn sæti nemendaverndarráðsfundi. Þar sem starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar hittir krakkana á öðrum tíma og undir öðrum formerkjum og þetta er ungt starfsfólk þannig að þetta verður einskonar jafningjafræðsla og þá fá þeir aðrar upplýsingar um nemendur en koma frá skólanum. Þá er hægt að miðla upplýsingum á báða bóga.

Námsráðgjafa, kennara, skólastjóra og forstöðumanni fannst að félagslegi þátturinn, stuðningur andlega og félagslega, væri sá þáttur þar sem þekking tómsundafræðings nýttist

best. Allir viðmælendur voru sammála um að lífsleikni væri sú námsgrein sem tómsundafræðingur ætti að koma að.

Þegar ég spurði viðmælendur um fagþekkingu tómsundafræðings þá vissu skólastjóri, námsráðgjafi og kennari nokkurn veginn hver fagþekking hans er, móðir og unglingur vissu það ekki.

Ég spurði viðmælendur hvort þeir vissu hver færi með stjórn félagsmiðstöðvarinnar, vissu það allir nema móðirin. Unglingurinn vissi alveg að félagsmiðstöðin starfaði á vegum íþrótt- og tómsundarnefndar bæjarfélagsins og hver væri forstöðumaður félagsmiðstöðvarinnar. Upplýsingarnar virðast komast vel til skila til unglínganna í félagsmiðstöðinni. Unglingurinn hefur leitað til starfsfólks félagsmiðstöðvarinnar með sín mál ef hann hefur haft t.d. áhyggjur af vinum eða vinkonum sínum. Hann var ekki alveg viss um starf tómsundafræðingsins en var á þeirri skoðun að þekking hans nýttist sem best í lífsleikni. Honum finnst gott að hafa tómsundafræðing innan skólans og hafa félagsmiðstöðina innan skólans til að geta komið og hitt alla og talað við starfsfólk hennar.

Í viðtali við móður kom fram að hún vissi nánast ekki neitt varðandi starfsemi félagsmiðstöðvarinnar, ekki hver færi með stjórn hennar né hvað þar færi fram. Móðurinni finnst þetta vera algerlega eitthvað sem snýr að hennar unglíngi. Unglingurinn hennar mætir oft í félagsmiðstöðina. Móðirin hefur áhuga á að fá kynningu fyrir foreldra á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Henni finnst alveg nauðsynlegt að krakkarnir hafi athvarf til að hittast og séu undir eftirliti.

Það kom fram í viðtali mínu við skólastjóra, námsráðgjafa og kennara að þeir vissu ekki að eitt af aðalmarkmiðum félagsmiðstöðvarinnar væri leitarstarf. Samkvæmt þessu þá er virkileg þörf fyrir að starfsemi félagsmiðstöðvarinnar sé kynnt fyrir öllum starfsmönnum skólans og fyrir hvað hún stendur. Einnig þarf að kynna hana fyrir foreldrum nemenda.

Skólastjórinn lítur á starf tómsundafræðings í félagsmiðstöðinni sem eitt af stoðkerfum skólans. Sem er í samræmi við það sem forstöðumaður sagði varðandi hvernig skólinn geti nýtt sér fagþekkingu tómsundafræðings. Hann sagði m.a. að tómsundafræðingur gæti verið í góðum samskiptum við umsjónarkennara og námsráðgjafa. Hann gæti unnið í tímum eins og lífsleikni, tekið nemendur í hópefli, tekið nemendur út úr tímum og unnið með þá á annan hátt en gert er inni í tímum þá sérstaklega sem snýr að félagsfærni og þegar nemendum líður illa inni í tímum af einhverjum ástæðum. Þess vegna er svo mikilvægt að námsráðgjafi og

tómstundafræðingur vinni saman þar sem þeir hafa sína stöðu innan skólans og geta unnið með og tekið á mismunandi málum. Í sameiningu geta þeir orðið sterk heild og komið krökkunum vel.

Varðandi mótun hefða í skólasamfélaginu kom það fram að tómstundafræðingur gæti verið sá sem fer með stjórnun stærri viðburða t.d. árshátíðar og vorhátíðar í samstarfi við skólann og foreldrafélagið. Einnig að efla hverfisvitund og þjappa fólki saman. Tómstundafræðingur sem vinnur innan skólans gæti unnið gríðarlega árangursríkt verkefni og sameinað fjölskyldur, nemendasamfélagið, kennarasamfélagið og félagsmiðstöðina. Tómstundafræðingur er mikilvægur tengiliður við það forvarnarstarf sem fram fer í skólanum.

Það sem ég les út úr þessum viðtölum er að það er almenn ánægja hjá viðmælendum með starfsemi félagsmiðstöðvarinnar. Allir viðmælendur voru sammála um að það væri góður kostur að hafa félagsmiðstöð starfandi innan skólans og að hafa starfandi tómstundafræðing innan hennar. Þörf er á betri kynningu á starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og fagþekkingu tómstundafræðings fyrir skólann og foreldra.

## Niðurstöður

Eftir að hafa kynnt mér starfsemi félagsmiðstöðvarinnar og verkefnastjórans þá tel ég mig hafa fengið svar við rannsóknarspurningunni: „Hvernig geta skólar nýtt sér fagþekkingu og reynslu tómstundafræðinga og félagsmiðstöðva við framkvæmd grunnskólalaga varðandi félagsmál?“ Með því að hafa félagsmiðstöð starfandi innan skólans og að verkefnastjórinn er tómstundarfræðingur þá getur skólastjóri nýtt sér fagþekkingu hans með því að koma á góðu samstarfi milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Tómstundafræðingurinn getur séð um kosningu í nemendaráð bæði í unglingadeild og miðdeild og haldið utan um starfsemi ráðanna. Einnig getur hann verið í skólaráði skólans. Það félagsstarf sem fram fer í félagsmiðstöðinni getur nýst skólanum í samvinnu við skólastjórnendur, námsráðgjafa og kennara við útfærslu á grunnskólalögum. Einnig getur fagþekkingu tómstundafræðingsins á viðburðastjórnun nýst skólanum þannig að félagsmiðstöðin og skólinn sameini sig varðandi helstu stórvíðburði í félagsstarfinu t.d. árshátíð, jólaskemmtun, ferðalög með nemendum ofl.

Niðurstaða varðandi vitneskju viðmælenda um störf tómstundafræðings og fagmennsku gefur til kynna verulega þörf á kynna starf hans og þekkingu betur. Enginn af viðmælendum var

alveg viss hvert verksvið og hver fagþekking tómsundafræðings er. Eins og fram hefur komið þá er það mikill kostur að hafa félagsmiðstöð starfandi innan skólans. Þeir hlutir sem þarf að skerpa á til að samstarf gangi sem best er að við byggingu skóla sé gert ráð fyrir húsnæði fyrir félagsmiðstöðina frá upphafi. Einnig að starfsfólk skólans sé vel upplýst um starfsemina og skilji tilgang hennar og finni að félagsmiðstöðin sé eitt af stoðkerfum skólans.

Ókostir geta verið varðandi húsnæðið t.d. ef það hentar ekki fyrir starfsemina og ekki finnst að hluta til sérrými fyrir starfsemina. Einnig ef nemandi líður illa í skólanum og verður t.d. fyrir einelti á skólatíma þá er ekki víst að hann sé tilbúinn að koma í starf félagsmiðstöðvarinnar ef hún er í sama húsnæði. Ef eru samtarfsörðuleikar á milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar þá er slæmur kostur að þurfa að deila húsnæði. Þess vegna er svo mikil vægt að gera ráð fyrir félagsmiðstöðvum í skólum og að það séu skýrar verklagsreglur á milli skólans og félagsmiðstöðvarinnar. Að þær séu kynntar öllum aðilum sem hlut eiga að máli eins og foreldrum, nemdum, starfsfólki skólans og starfsfólki félagsmiðstöðvarinnar til að koma í veg fyrir árekstra.

## Lokaorð

Kostir þess að hafa starfandi félagsmiðstöð undir stjórn faglærðs tómsunda- og félagsmálafræðings eru að líklegra sé tryggt að fram fari faglegt starf. Sýn og fagleg nálgun slíks starfsmanns sem tekur virkan þátt í skólastarfinu á skólatíma er mikill fengur fyrir nemendur. Með setu í nemendaverndarráði, skólaráði, þátttöku í lífsleiknikennslu og aðstoð við hópastaf tryggir félagsmálafræðingurinn frekar að starfsemin nýtist bæði á skólatíma og utan hans. Þar sem kennarar og starfsfólk félagsmiðstöðvarinnar vinna hlið við hlið að samþættingu viðfangsefna. Oft á tíðum vegur það starf sem félagsmiðstöðin leggur til upp á móti því sem er ábótavant í félagsmótun hjá skólanum. Þar sem fagþekking er á þessu sviði í skólum eins og í umræddri félagsmiðstöð þá er verkefnastjóri/tómsundafræðingur ómetanlegur tengiliður við foreldrasamstarf og það forvarnarstarf sem fram fer í skólanum. Í þessu tilfelli er um að ræða skóla í nýju hverfi sem er í mótun og ýmsir þættir hafa ekki fest sig í sessi. Í slíkum hverfum er þáttur félagsmiðstöðvarinnar mjög stór í að efla hverfisvitund og þjappa fólki saman. Eins og skólinn er hjartað í hverfinu þá verður félagsmiðstöðin ein af stofnæðum í tengslum út í hverfið. Annar stór kostur við að hafa félagsmiðstöðina innan skólans er sá að skólinn getur falið félagsmiðstöðinni að sjá um mikilvægar uppákomur eins og árshátíð, íþróttadag, hverfishátíð fjölskyldunnar ofl. Þá kemur fagþekking tómsundafræðings sér vel þar sem stór þáttur í hans námi er viðburðarstjórnun. Einnig er kostur að hafa félagsmiðstöðina innan skólans vegna þess að tómsundafræðingurinn hefur oft frumkvæði að samskiptum mikilvægra aðila sem vinna með nemendur. Þessi skilningur kemur m.a. fram í nýju grunnskólalögunum þar sem gert er ráð fyrir að aðili úr grenndarsamfélaginu eigi sæti í skólaráði sem gæti einmitt verið verkefnastjóri/tómsundafræðingur félagsmiðstöðvarinnar.

Starfið verður skilvirkara með slíkri samvinnu og aðkoma að stefnumótun og stjórnsýslu sveitafélagsins verður betur tryggð. Sú sýn sem þannig skapast í uppeldi og félagsmótun er nauðsunleg til að tryggja félagslegt taumhald. Þegar tengsl félagsmiðstöðvar og skólans eru með þessum hætti er líklegra að það sem er í boði í félagsmiðstöðinni nái til fleiri nemenda og auðgi félagsstarfið og starfið taki auk þess mið af nemendahópnum sem er í skólanum. Fræðileg þekking tómsunda- og félagsmálafræðings í hópastarfi og uppeldisfræði gerir það að verkum að hann öðlast hæfileika til að vinna með ungt fólk í blíðu og stríðu.

## Heimildaskrá

- Aðalnámskrá grunnskóla. Almennur hluti.* (2006). Reykjavík: Menntamálaráðuneytið.
- Árni Einarsson. (2001). *Fikniefni og forvarnir handbók fyrir heimili og skóla*. Venjur og viðhorf og vandi. Ritstjóri Árni Einarsson og Guðni R. Björnsson. Fræðslumiðstöð í fikniefnum. Reykjavík.
- Árni Guðmundsson. (2007). *Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992*. Hafnarfjörður: Prentmet. Eigin útgáfa.
- Barnasáttmálinn. (1992). *barn.is*. Sótt 6. apríl 2009 af vefslóð:  
[http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/stutt\\_umfjollun\\_um\\_barnasattmalann/](http://www.barn.is/adalsida/barnasattmalinn/stutt_umfjollun_um_barnasattmalann/).
- Egidius, H. (1977). *Riktningar i modern psykologi*. Lund: Natur och kultur.
- Elfa Stefánsdóttir og Geir Bjarnason. (2003). *Starfsskrá ÍTH fyrir félagsmiðstöðvar í Hafnarfirði*. Hafnarfjörður. Ípróttá- og tómstundaráð Hafnarfjarðar.
- Erla Kristjánsdóttir, Jóhann Ingi Gunnarsson og Sæmundur Hafsteinsson. (2004). *Lífsleikni*. 1.útgáfa. bls. 55-59. Námsgagnastofnun, Reykjavík.
- Félag fagfólks í frítímaþjónustu (2009). *fagfelag.is*. Sótt 8. apríl 2009 af vefslóð:  
<http://www.fagfelag.is/default2.asp?strAction=getPublication&intPublId=64>.
- Garðar Gíslason. 1997. *Félagsfræði: Einstallingur og samfélag*. Mál og menning. Reykjavík.
- Hardy, L. (2004). *A History & Psychology*. New Jersey: Person.
- Háskóli Íslands. (2009). *hi.is*. Sótt 9. mars 2009 af vefslóð:  
[http://www.hi.is/is/menntavisasindasvid\\_deildir/ithrotta\\_tomstunda\\_og\\_throskathjalfadeild/nam/tomstunda\\_og\\_felagsmalafraedi](http://www.hi.is/is/menntavisasindasvid_deildir/ithrotta_tomstunda_og_throskathjalfadeild/nam/tomstunda_og_felagsmalafraedi).
- ÍTR (2007). *Rekjavik.is*. Sótt 12. Mars 2009 af vefslóð:  
[http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/felagsmidstodvar/felagsmidstodvar\\_sept\\_2007.pdf](http://www.rvk.is/Portaldata/1/Resources/skjol/svid/itr/skjol/felagsmidstodvar/felagsmidstodvar_sept_2007.pdf).
- Jóhanna Einarsdóttir (1997). Áhrif kenninga John Dewys á leikskólastarf. *Athöfn*, 29:28-32.
- Lög nr. 91/2008 um grunnskóla.
- Lög nr. 4027/1991 um sveitafélög.
- Lög nr, 7028/2007 um æskulýðlög.
- Mead, G. H. *psychclassics.yorku.ca*. Sótt 3. apríl 2009 af vefslóð:  
<http://psychclassics.yorku.ca/Mead/socialself.htm>.



Menntamálaráðuneytið. (1999). *menntamalaraduneytid.is*. Sótt 8. apríl 2009 af vefslóð:  
<http://bella.stjr.is/utgafur/lifsleikni.pdf>.

Menntamálaráðuneytið. (2003). *Úttekkt á stöðu félags-og tómstundamála ungs fólks á Íslandi*. Skýrsla nefndar og tillögur. Reykjavík.

Orðanefnd Kennaraháskóla Íslands. (1994). Orðaskrá úr uppeldis-og sálarfræði. *Rit íslenskrar málnefndar 2*. Reykjavík: Íslensk málnefnd.

Ragnhildur Bjarnadóttir. (2002). Hvað telja unglingar sig læra af áhugamálum sem þeir stunda utan skóla? *Uppeldi og menntun*, 11, bls.207-226. Tímarit. Kennaraháskóli Íslands.

Ríkislögregustjórinn (2009). *logreglan.is*. Sótt 19. apríl 2009 af vefslóð:  
[http://www.logreglan.is/display.asp?cat\\_id=260](http://www.logreglan.is/display.asp?cat_id=260).

Saffer, D. R. (2001). *Debelopmental Psychology* (6. útg.). USA: Thomson learnzig.

Sigríður Halldórsdóttir og Kristján Kristjánsson. 2003. *Handbók í aðferðafræði og rannsóknum í Heilbrigðisvísindum*. 1 útgáfa. 4:73. Háskólinn á Akureyri.

Sjölund, A. (1965). *Gryppepsykologi*. (Árni Guðmundsson þýddi). Kaupmannahöfn: Nordisk Forlag.

Sjölund, A. (1965). *Gryppepsykologi*. Kaupmannhöfn: Nordisk Forlag.

Smith, T. J. (2005). *Informal Education - conversation, democracy and learning* (3 útg.). Nottingham: Educational Heretics Press.

Þórólfur Þórlindsson, Kjartan Ólafsson, Viðar Halldórsson og Inga Dóra Sigfúsdóttir. (2000). *Félagsstarf og frístundir íslenskra unglunga*. Reykjavík: Æskan.

## **Fylgiskjöl**

## Fylgiskjal 1

### „Sjálfið“

Á hinu fyrra felst „einstaklingssjálfið“ einfaldlega í því að skipan kemst á viðhorf annarra tiltekinna einstaklinga gagnvart honum sjálfum og hverjum öðrum í þeim sérstöku félagslegu athöfnum sem hann tekur þátt í með þeim en á hinu síðara stigi á þroskabraut „einstaklingssjálfsins“ er „sjálfið“ ekki aðeins mótað af skipulagningu á viðhorfum þessara tilteknu einstaklinga, heldur af skipulagningu félagslegra viðhorfa „hins alhæfða annars“ eða félaghópa í heild er hann tilheyrir. Þessi félags- eða hópviðhorf verða hluti af beinu reynslusviði einstaklingsins og myndunarþættir í gerð hans eigin sjálfs, á sama hátt og viðhorf annarra tiltekinna einstaklinga verða það, og einstaklingurinn kemst að þeim, eða honum tekst að tileinka sér þau með því að skipuleggja enn frekar og alhæfa síðan viðhorf annarra tiltekinna einstaklinga í ljós félagslegrar merkingar og þýðingar þeirra. Með öðrum orðum, sjálfið nær fullum þroska með því að skipuleggja þessi einstaklingsviðhorf annarra, svo að úr verði skipulögð félag- eða hópaviðhorf. Og með því að verða þannig einstaklings-endurspeglun hins almenna hegðunarmunstur þess samfélags eða hóps sem sjálfið og hinir eru hlutar af (Árni Guðmundsson, bls. 29-30. Saga félagsmiðstöðva í Reykjavík 1942-1992).

## Fylgiskjal 2

### Siðareglur Fagfólks í frítímaþjónustu

#### Tilgangur

Virðing fyrir manngildi og sérstöðu hvers einstaklings og trú á getu hans til að nýta hæfileika sína til fullnustu er grundvöllur starfsins.

#### Frumskyldur

1. Fagfólk í frítímaþjónustu rækir starf sitt án manngreinarálits, virðir siði, trúarbrögð, litarhátt og mannréttindi hvernar manneskju, kemur fram af heiðarleika, virðingu og leitast við að byggja upp gagnkvæmt traust.
2. Fagfólk í frítímaþjónustu gerir sér far um að virða og verja rétt hvers einstaklings til einkalífs og sjálfsákvörðunarréttar, svo fremi að það valdi öðrum ekki skaða. Geti viðkomandi ekki sjálfur gætt hagsmuna sinna, ber fagfólki að gæta þess að réttur hans sé ekki fyrir borð borinn.
3. Fagfólk í frítímaþjónustu gætir trúnaðar um þau mál sem það verður áskynja í starfi sínu. Undantekningu frá þagnarskyldu má einungis gera samkvæmt lagaboði eða af brýnni nauðsyn.
4. Fagfólk í frítímaþjónustu hefur trúnaðarskyldu við upplýsingaöflun, skráningu mála og meðferð gagna.
5. Fagfólk í frítímaþjónustu aflar ekki upplýsinga um einstakling án samþykkis hans, nema þar sem lagaskylda eða brýn nauðsyn býður að það sé gert. Þá skal einungis afla þeirra upplýsinga sem nauðsynlegar eru til að vinna að málinu. Heimilt er að víkja frá trúnaðarskyldu ef einstaklingur fer skriflega fram á að ákveðin persóna eða stofnun fái upplýsingar.
6. Fagfólk í frítímaþjónustu notar ekki störf og fagþekkingu sína til að skaða, undiroka eða kúga einstakling, né notfærir sér á nokkurn hátt að hann á undir högg að sækja. Það notfærir sér ekki tengsl við einstaklinga sjálfu sér til persónulegs eða faglegs framdráttar.

7. Fagfólk í frítímaþjónustu stofnar ekki til eða á í kynferðislegu sambandi við barn eða ungling eða annan þann sem er því háður vegna starfs þess.

### **Ábyrgðar- og hæfnisskyldur**

8. Fagfólk í frítímaþjónustu ber ábyrgð á eigin hæfni og þeim störfum sem það innir af hendi í samræmi við það, sem starfsheiti felur í sér samkvæmt lögum.

9. Fagfólk í frítímaþjónustu stundar starf sitt með faglega heildarsýn að leiðarljósi og byggir á fræðilegum kenningum, niðurstöðum rannsókna og starfsreynslu á þverfaglegum grunni. Það viðheldur þekkingu sinni, endurnýjar hana og fylgist vel með nýjungum í starfi. Það uppfyllir þau skilyrði sem gerð eru til starfsins á hverjum tíma og miðlar þekkingu sinni sem víðast, til annarra félaga og alls almennings.

10. Fagfólk í frítímaþjónustu hlýðir samvisku sinni og sannfæringu. Það getur synjað að framkvæma verk sem það treystir sér ekki til að bera faglega ábyrgð á.

11. Fagfólk í frítímaþjónustu á frumkvæði að því að þróa nýjar hugmyndir í faginu og að hrinda þeim í framkvæmd. F.f. skal í ræðu og riti vera málefnalegt og nákvæmt. Það reynir að tryggja eins og mögulegt er, að það sem það lætur frá sér fara, bæði skriflega og munnlega, misskiljist ekki eða mistúlkist öðrum til miska.

12. Fagfólk í frítímaþjónustu sinnir ekki vinnu sinni undir áhrifum áfengis, lyfja eða annarra efna sem slæva dómgreind þess og athygli.

### **Félagslegar skyldur**

13. Fagfólk í frítímaþjónustu kynnir menntun sína og störf með tilhlýðilegum hætti, skýrir frá því þegar það kemur fram opinberlega hvort sem það er fyrir eigin hönd sem einstaklingur, sem fagmanneskja, fyrir hönd fagfélags síns eða þá stofnun sem hann starfar við.

14. Fagfólk í frítímaþjónustu er ávallt meðvitað um markmið þeirrar starfsemi sem það tekur

þátt í og vinnur á grundvelli gildandi laga, reglna og fyrirmæla, stríði það ekki gegn siðareglum fagfélagsins.

15. Fagfólk í frítímaþjónustu vinnur að því að skapa traust almennings á faglegri frítímaþjónustu.

### **Skyldur gagnvart starfssystkinum**

16. Fagfólk í frítímaþjónustu gerir ekkert í starfi sem rýrir orðstír fagsins né faghópsins. Félagi sem veit um brot starfsfélaga síns gegn siðareglum félagsins bregst við með ábendingu, umræðu og stuðningi við hann, svo leiðréttu megi. Beri það ekki árangur skal málinu vísað til siðanefndar.

17. Fagfólk í frítímaþjónustu virðir hæfni, skyldur og ábyrgð annarra félaga og fagstétta ásamt því að treysta annarri fagþekkingu þegar það á við. Komi upp faglegur ágreiningur skal félagi reyna að miðla málum svo að niðurstaða fáiist með hagsmuni viðkomandi einstaklinga að leiðarljósi.

„Siðarreglur faghópsins eru lýsing á skyldum hópsins. Helsti tilgangur þeirra er að skilgreina hlutverk fagmannsins í samfélaginu og skyldur hans við þá sem njóta þjónustu hans. Þær auðvelda honum að gegna störfum sínum allt frá upphafi starfsferils og að gera sér grein fyrir þeim siðferðislegu kröfum sem gera má til hans. Siðareglur ættu að auka virðingu stéttar út á við og efla sjálfsvirðingu hennar. Siðareglur þurfa að vera í sífelldri endurskoðun í samræmi við faglegar og samfélagslegar breytingar, “ Upplýsing. Félag bókasafns- og upplýsingafræða. 2005, 28.mars, Af heimasíðu félagsins.

Siðareglur Félags fagfólks um frítímaþjónustu voru unnar með hliðsjón af lestri bókarinnar: Siðareglur, greining á siðareglum ásamt skráðum siðareglum starfsgreina á Íslandi. Höfundur Sigurður Kristinsson, Háskóli Íslands. Háskólaútgáfan. Rannsóknarstofnun í siðfræði. 1991.

## Fylgiskjal 3

### Dagskrá í apríl 2009 4. bekkur

Mánudagur	Miðvikudagur	Föstudagur
	<b>1. apríl.</b> Skotbolli/útileikir	<b>3. apríl.</b> Spilað á borðum
<b>6. apríl.</b> Twister	<b>8. apríl.</b> Bingó	<b>10. apríl</b> Páskafrí
<b>13. apríl.</b> Páskafrí	<b>15. apríl</b> Listir	<b>17. apríl.</b> Listir
<b>20. apríl</b> Innileikir	<b>22. apríl</b> Spilað	<b>24. apríl</b> Ásadans/limbó/stoppdans
<b>27. apríl.</b> Ganga	<b>29. apríl.</b> Félagsmiðstöðvardagur	

## Dagskrá apríl 2009

### 5. -6. og 7. bekkur

Föstudagur	3. apríl	Opið hús
Mánudagur	6. apríl	Opið hús
Miðvikudagur	8. apríl	Óvænt
Föstudagur	10. apríl	LOKAÐ
Mánudagur	13. apríl	LOKAÐ
Miðvikudagur	15. apríl	Spil og leikir
Föstudagur	17. apríl	Pókó + sjoppan opin
Mánudagur	20. apríl	Slím og slef spurningarkeppni
Miðvikudagur	22. apríl	Survivor þrautaleikir
Föstudagur	24. apríl	Kappát
Mánudagur	27. apríl	Ýmsir leikir
Miðvikudagur	29. apríl	Varúlfur spil fyrir hóp



## Dagskrá í apríl 2009

### Unglingadeild

Miðvikudagur	1. apríl.	Kóngur
Föstudagur	3. apríl	Bragðarefur og bíómynd
Mánudagur	6. apríl	Idol
Miðvikudagur	8. apríl	Samlokukeppni
Föstudagurinn langi	10. apríl	Lokað
Mánudagur	13. apríl	Lokað ( annar í páskum)
Miðvikudagur	15. apríl	Dodge-Ball
Föstudagur	17. apríl	Páska bingó
Mánudagur	20. apríl	Chill
Miðvikudagur	22. apríl	Boozt
Föstudagur	24. apríl	Kappát
Mánudagur	27. apríl	Survivor
Miðvikudagur	29. apríl	Árshátíðarundirbúningur
Fimmtudagur	30. apríl	Árshátíð

## Fylgiskjal 4

### Foreldrarölt

Á undanförunum árum hafa foreldrar og forráðamenn í samstarfi við foreldrafélög skólanna, félagsmiðstöðvarnar og lögregluna farið í skipulagt foreldrarölt á kvöldin um helgar. Um er að ræða sjálfbóðaliðastarf foreldra þar sem leitast er við að ná fram samstöðu þeirra á meðal um að virða reglur um útivist barna og koma í veg fyrir hópamyndun unglunga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.

#### Framkvæmd

Foreldraröltið er skipulagt innan hvers foreldrafélags og eru allir foreldrar hvattir til þátttöku. Safnað er nöfnum og símanúmerum þeirra foreldra sem hafa áhuga á að vera með og útbúinn er listi þar sem fólki er raðað niður á helgarnar. Komið er upplýsingum til tengiliða í félagsmiðstöðum og lögreglu um það hverjir eru með foreldrarölt og hvernig því verður háttað.

Þeir foreldrar sem fara á röltið hittast oftast í skólanum, félagsmiðstöðinni eða á lögreglustöðinni á föstudagskvöldi þar sem gjarnan er farið yfir atburði síðustu helga með því að skoða dagbækur sem margir foreldraröltshópar halda. Síðan er gengið um hverfið og komið við á þeim stöðum þar sem unglingar safnast saman svo sem við sjoppur, leiktækjasali, verslunarmiðstöðvar og skóla. Áhersla er lögð á að foreldrar reyni að hafa áhrif á hegðun unglunganna með nærveru sinni en hafi sem minnst bein afskipti af þeim nema nauðsyn beri til.

#### Hvers vegna að fara á foreldrarölt?

Einn megin kosturinn við foreldraröltið er sá að reynslan hefur sýnt að nálægð fullorðinna hefur yfirleitt þau áhrif að unglingahópurinn leysist upp og ólíklegt er að landa- eða vímuefnasölumenn geri vart við sig þegar foreldrar vakta svæðið.

Það getur einnig verið lærdómsríkt og gaman að fara á foreldrarölt, kynnast öðrum foreldrum, heyra viðhorf þeirra og jafnvel komast að því að flestir foreldrar fá að heyra rökin "allir mega það".

Með því að fara á foreldrarölt geta foreldrar áttað sig betur á því hvað fer fram í hverfinu á kvöldin um helgar og hvar hættunar leynast. Þannig sjá þeir oft staði eins og sjoppur og verslanir í nýju ljósi er þeir uppgvöta þau skúmaskot sem geta leynst þar og unglíngarnir nota til að neyta áfengis og annarra vímuefna í friði. Þá geta foreldrar fylgst með því hvort sjoppur eru að selja sígarettur til barna undir aldri, hvort börn undir aldri komist inn í spilasali, bari eða skemmtistaði í hverfinu og hvort þeim sé veitt áfengi á þessum stöðum

Markmið foreldrarölsins eru því margþætt:

Að virkja foreldra til samstöðu um að virða reglur um útivist barna og unglínga og að koma í veg fyrir hópamyndun unglínga eftir að lögbundnum útivistartíma er lokið.

Að draga úr áfengis- og fíkniefnaneyslu unglínga.

Að efla og styrkja foreldra í uppeldishlutverki sínu.

Að kanna hvað fer fram í hverfinu á kvöldin.

Að ná sambandi við þá unglínga sem eru úti við.

Að vera til staðar ef unglíngar eru illa á sig komnir og þarfnast aðstoðar.

Að koma á tengslum milli foreldra í hverfinu sem eiga börn á unglíngsaldri.

Að sýna unglíngum góða fyrirmynd.